

Frá: Margrét Halldóra Hallgrímsdóttir <margret.hallgrimsdottir@dmr.is>

Sent: Tuesday, April 26, 2022 3:08 PM

Til: Karl Björnsson <karl.bjornsson@samband.is>

Efni: Tilnefning fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í stjórn samhæfingar og stjórnstöðvar

Góðan dag,


Með vísan til 12. gr. laga nr. 82/2008 um almannavarnir óskar dómsmálaráðuneytið hér með eftir því að Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefni fulltrúa í stjórn samhæfingar- og stjórnstöðvar. Mælt er til þess að tilnefningin berist dómsmálaráðuneytinu eins fljótt og auðið er. Vinsamlegast látið kennitölu, heimilisfang, netfang og vinnustað fylgja.

Stjórn samhæfingar- og stjórnstöðvar lýtur tíu manna stjórn sem dómsmálaráðherra skipar. Formaður stjórnar skal skipaður af ráðherra án tilnefningar. Ríkislögreglustjóri, Landhelgisgæsla Íslands, landlæknir, stjórn slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, stjórn samræmdrar neyðarsvörunar, Rauði Kross Íslands, Flugstoðir (Isavia, eða rekstraraðilar flugvalla og flugleiðsögu skv. frumvarpi til breytinga á almannavarnalögum) og stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar tilnefna hver sinn fulltrúa í stjórnina og skulu þeir valdir úr hópi þeirra sem taka virkan þátt í starfi samhæfingar- og stjórnstöðvar. Auk þess tilnefnir stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga einn fulltrúa.

Vakin er athygli á 28. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla en þar segir í 2. mgr. að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Tilnefningaraðila er þó heimilt að víkja frá því þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að það er ekki mögulegt. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Dómsmálaráðherra skipar stjórnina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Ekki er gert ráð fyrir þóknun fyrir störf í stjórn samhæfingar- og stjórnstöðvar.

Bestu kveðjur,



Margrét Halldóra Hallgrímsdóttir, lögfræðingur

Dómsmálaráðuneytið / Ministry of Justice

Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 9000

www.domsmlaraduneyti.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing